

Nr. 090 / 15 Gísli Mó SH 727***Eldur og sekkur***

Skipaskr.nr. 7254
Smíðaður: Blönduós 1989, trefjaplast
Stærð: 3,04 brl. 3,06 bt.
Mesta lengd: 7,18 m Skráð lengd: 6,66 m
Breidd: 2,23 m Dýpt: 1,09 m
Vél: Yanmar 140 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 1



Gísli Mó©Alfons Finnsson

Gögn:
Lögregluskýsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. apríl 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 13. ágúst 2015 var Gísli Mó SH-727 á strandveiðum á Breiðafirði. Veður: NA 4-6 m/s og gott skyggni.

Rétt fyrir kl. 14:00 kom upp eldur í bátnum sem var að veiðunum um 12 sml. norðvestur af Snæfellsnesi. Skipstjóri bátsins yfirgaf hann fljótlega enda varð hann brátt alelda. Rán SH 307 bjargaði skipverjanum sem kominn var í gúmmíbjörgunarbát og sigldi með hann til Ólafsvíkur.

**Mynd 1** Gísli Mó brennur

Þá fór björgunarskipið Björg á staðinn og gerði tilraun til að bjarga Gísla Mó en án árangurs. Sökk hann um kl. 16:45 á stað 65°10N og 024°06V.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri taldi sig hafa séð að eldurinn hafi kviknað út frá spennubreyti fyrir siglingartölvu. Spennubreytirinn var staðsettur við rafmagnstöflu stb. megin undir borði í stýrishúsi. Ekki var vitað hvort tegundar hann var nema að hann var kínverskur;
- að sögn skipstjóra sló spennubreytinum út þegar hann var á leið á miðin en erfiðlega gekk að slá honum inn aftur en tókst þó um síðir;
- að eldurinn var ekki mikill þegar skipstjórinn varð hans fyrst var en um leið og hann komst í teppaklæðningu í stýrishúsinu varð allt alelda á skammri stundu;
- að ekki er gerð krafa hjá Samgöngustofu um eldtefjandi klæðningu nema í vélarrúmi;
- að skipstjórinn náði ekki til slökkvitækisins vegna mikils reyks en náði þó að grípa björgunarbúninginn sem var þar hjá;
- að slökkvitækið var staðsett framan á stjórnþúlti og aðeins er gerð krafa um eitt slökkvitæki í bátum upp að 10 m að lengd;
- að ekki var reykskynjari í stýrishúsi enda ekki krafa um það hjá Samgöngustofu þar sem ekki var eldavél eða olíuofn í vistaverum;
- að allt rafkerfið var endurnýjað nýlega en ekki var skipt um umræddan spennubreyti;
- að skipstjóri náði ekki að senda út neyðarkall í talstöðinni vegna mikils elds og hve hann magnaðist fljótt;
- að björgunarbáturinn var staðsettur aftast á bátum í stól og hafði verið færður af þaki stýrishúss ári áður þar sem skipt hafði verið um mastur og var því ekki lengur pláss fyrir hann vegna þess;
- að skipstjóri kom gúmmíbjörgunarbátum í sjóinn og ræsti uppblástur hans. Gúmmíbjörgunarbáturinn var það langt fyrir aftan bátinn að skipstjórinn þurfti að synda að honum. Eftir að hafa komist um borð í gúmmíbjörgunarbátinn ræsti hann neyðarsendinn og skaut upp neyðarflugeld.

Nefndarálit:

Upptök eldsins eru ókunn en nefndin telur að grunsemdir skipstjóra geti staðist.

Sérstök ábending

Nefndin hvetur alla smábátasjómenn að huga vel að staðsetningu björgunar- og slökkvitækisnaðar báta sinna svo auðvelt sé að komast að búnaðinum komi upp neyðarástand um borð.

Tillaga í öryggisátt:

Nefndin leggur til að gerð verði krafa um reykskynjara í alla báta óháð því hvort olíukynding eða eldavél sé í þeim.